



Forsætisnefnd

Breyting á staðarmörkum Reykjavíkur gagnvart Kjósarhreppi

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að breyta staðarmörkum Reykjavíkur þannig að lóð sem nú fellur bæði innan jarðanna Stardals og Írafells og þar með innan staðarmarka bæði Reykjavíkur og Kjósarhrepps verði einungis innan staðarmarka Reykjavíkur. Jafnframt er lagt til að borgarstjórn samþykki að veita borgarstjóra heimild til að undirrita hjálagt samkomulag f.h. Reykjavíkurborgar um breytingu á staðarmörkum Reykjavíkur gagnvart Kjósarhreppi með framangreindum hætti.

Greinargerð:

Neyðarlínan ohf. hefur óskað eftir afmörkun á lóð fyrir fjarskiptastöð í Skálafelli á Mosfellsheiði. Lóðin, eins og lagt er til að hún verði afmörkuð, fellur bæði innan jarðanna Stardals og Írafells og þar með innan staðarmarka bæði Reykjavíkur og Kjósarhrepps.

Samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 þá hafa sveitarfélög ákveðin staðarmörk sem ráðast af útmerkjum þeirra fasteigna og er óheimilt að breyta þeim nema með lögum.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga getur ráðherra breytt mörkum sveitarfélaga m.a. til staðfestingar á samkomulagi þeirra á milli. Í athugasemd við 4. gr. í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 138/2011 kemur m.a. fram að í 1. mgr. 4. gr. felist nýmæli um að kveðið sé á um að mörk fasteigna ráðist af útmerkjum þeirra fasteigna sem innan þeirra liggja. Fasteign muni því ekki geta fallið innan staðarmarka tveggja eða fleiri sveitarfélaga.

Af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að breyta staðarmörkum þannig að lóðin falli innan Reykjavíkur. Eigendur jarðanna Stardals og Írafells hafa þegar samþykkt fyrir sitt leyti breytingu á landamerkjum jarðanna í samræmi við tilgreinda breytingu á staðarmörkum þannig að lóðin falli innan Stardals. Samkomulagið verður einnig lagt fyrir sveitarstjórn Kjósarhrepps til samþykktar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri